

Samtíningur um jökla milli Fells og Staðarfjalls

Flosi Björnsson †

Kvískerjum
785 Fagurhólsmýri

INNGANGUR

Litlar heimildir eru til um breytingar jökla eða í hvaða stöðu jaðrar þeirra voru á fyrri öldum og er því lítið um það að segja. Tímabilið, sem hér er tekið til meðferðar, varðandi jöklabreytingar, er aðallega frá áttunda áratug s.l. aldar, til þess er reglulegar mælingar hófust, varðandi önnur atriði eftir atvikum fram á síðustu áratugi.

Heimildir þær, sem stuðst er við eru annarsvegar fyrst og fremst upplýsingar frá eldra fólki er hér þekkti til, og hins vegar um síðari áratugi eftir eigin minni og dagbókum. Af heimildarmönnum skulu þessir nafngreindir: Ari Hálfðanarson, Fagurhólsmýri, dvaldi hér á Kvískerjum 1880-1882, Finnboi Einarsson, Hofi, Jón Guðmundsson, Hnappavöllum, Sveinn Árnason, Selkirk (Kanada), er allir höfðu dvalið á Kvískerjum nokkur ár fyrir 1880. Allir voru þeir og kunnugir á Breiðamerkursandi eftir að þeir fóru frá Kvískerjum nema Sveinn, er fór raunar um sandinn 1930 er hann kom í heimsókn. Ennfremur hafa nokkrir yngri menn gefið upplýsingar. Ekki síst er það svo faðir minn, Björn Pálsson, er flutti hingað að Kvískerjum um aldamótin. Hefur hann og skráð sumt er að þessu efni lýtur (Björn Pálsson, 1953). Er ekki að efa, að rétt sé frá skýrt af hálfu þessara manna, svo langt sem frásögn þeirra nær. Annað mál er það, að nánari frásögn hefði verið æskileg, en ekki er við þá um að sakast því nánari upplýsingar hefðu eflaust verið mögulegar ef eftir þeim hefði verið leitað í tíma, þó ekki tjái að fást um slíkt nú.

[Stuðst hefur verið við rit sem fjalla um svæðið svo sem Þorvald Thoroddsen (1931-1933), Ahlmann og Sigurð Þórarinsson (1943), Todtmann (1960), Sigurð

Björnsson (1967) og Guttorm Sigbjarnarson (1970).] Auk þessa er svo sums staðar vitnað til þekktara rita og korta, þegar sérstök ástæða þykir til. En ekki verður farið út í hugleiðingar um hvað lesa megi úr gömlum heimildum um byggðina á þessu svæði.

[Teikning frá síðustu öld (1. mynd) sýnir Esjufjalla-rönd og Breiðamerkurfjall í baksýn (Howell, 1893). Kortið á 2. mynd sýnir jaðar Breiðamerkurjökuls og annarra jökla sem hér er fjallað um og helstu örnefni sem nefnd eru. Ljósmyndir frá 1938 og 1996 (3. og 4. mynd) sýna glögglega hversu mikið Breiðamerkurjökull hefur hjaðnað á þessari öld.]

BREIÐAMERKURJÖKULL

Fyrsta heimild um stöðu jökla á Breiðamerkursandi mun vera bréf sr. Gísla Finnbogasonar til Árna Magnússonar frá því um 1700 (Finnur Jónsson, 1914), en þar segir um Breiðamerkurfjall: [„... í hvert valla verður nú komist vegna jökla, sökum þess að þeir hafa gengið saman að austan og vestan.“] Orðalagið virðist benda til að ekki hafi liðið langur tími frá því að jökull girti um fjallið.

Í eyðibýlaskrá Ísleifs Einarssonar (1918) frá 1712 kemur fram að jökullinn var þá við bæjarrústimar á Breiðármörk og ætti því að vera um Hálfðanaröldu ef Miðaftanstindur hefur verið eiktamark frá bænum, en þó líklegt sé að svo hafi verið er það ekki öruggt.

Árið 1756 fóru Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson um Breiðamerkursand og segja þeir Breiðamerkurjökul 300 feta háan og á bls. 108 í ferðabók þeirra stendur: „Enn er það einkennilegt við jökul þenna, að þótt jökulröndin sé lág fyrir vestan Breiðá, þá er hún þverhnipt, 8-10 faðma há austan árinna. ... Enginn

† Greinin er búin til prentunar af Sigurði Björnssyni eftir andlát Flosa Björnssonar. Viðbætur og breytingar sem hann gerði á handriti Flosa eru innan hornklofa.